

Starfsreglur ungmennaráðs Hvalfjarðarsveitar

1. Skipan

Sveitarstjórn skipar fimm einstaklinga að fengnum tilnefningum. Leitast skal við að hafa sem jafnast kynjahlutfall. Kjörgengir eru þeir sem eru á aldrinum 14-21 árs og eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Nemendafélag skólans tilnefnir þrjá einstaklinga og Velferðar- og fræðslunefnd tilnefnir tvo einstaklinga sem lokið hafa grunnskóla. Auk kjörinna fulltrúa eiga formaður Velferðar- og fræðslunefndar og sveitarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Ungmennaráðið er skipað til tveggja ára í senn á fundi sveitarstjórnar í september annað hvert ár. Starfsmaður Velferðar- og fræðsludeildar er tengiliður sveitarfélagsins við ungmennaráðið. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar.

2. Starfsfyrirkomulag

Eftir skipan í ungmennaráð boðar verkefnastjóri Velferðar- og fræðsludeildar til fyrsta fundar ráðsins. Á fyrsta fundinum kýs ráðið sér formann, varaformann og ritara. Formaður boðar fundi í samráði starfsmann Velferðar- og fræðsludeildar. Formlegt fundarboð skal vera skriflegt eða rafrænt til fulltrúa ráðsins og skal berast eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Ungmennaráð skal funda að minnsta kosti fimm sinnum yfir starfsárið og þar af einu sinni með sveitarstjórn. Fundur ungmennaráðs með sveitarstjórn skal undirbúinn í samráði við sveitarstjóra. Ráðið skal halda fundargerðir sem lagðar eru fram á fundum Velferðar- og fræðslunefndar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Fulltrúar í ungmennaráði Hvalfjarðarsveitar skulu fá greidda þóknun fyrir fundarsetu samkvæmt reglum Hvalfjarðarsveitar um laun til fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og kjörstjórn.

Gert er ráð fyrir að ungmennaráð kynni ungmennaráðið fyrir nemendum í Heiðarskóla einu sinni á ári, að hausti.

3. Hlutverk



Tilgangur ráðsins er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar skal vera sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins til ráðgjafar um málefni sem varða ungmenni og skal sveitarstjórn hafa við það samráð í þeim málefnum. Eitt meiginhlutverk ráðsins er að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og kynna fyrir þeim stjórnsýsluleg vinnubrögð, auk þess að efla tengsl milli ungmenna. Einnig að auka tengsl þeirra og áhrif í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

4. Starfsaðstaða

Sveitarfélagið leggur ungmennaráðinu til aðstöðu til fundarhalda, ásamt þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi þess.

5. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglum sem undir starfssvið þess heyrir og gildir hverju sinni auk þess að fara eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt á 10. fundi velferðar- og fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar þann 07.04.2026.

Samþykkt á 442. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 13.05.2026.